

Annar skólaráðsfundur, 22. mars 2023

Mættir: Bryndís, María Aðalsteins, Eva Sandra, Hjalti Már, Fjóla, Ásrún, Dís, Jóel, Kristófer og Auður

Dagskrá:

1. Skóladagatal 2023-2024 í Álfaborg: Bryndís
2. Breyting á skóladagatali 2022-2023 Álfaborg: Bryndís
3. Skóladagatal 2023-2024 í Valsárskóla: María
4. Niðurstöður úr skólapúls, bæði nemendur, foreldrar í Valsárskóla: María
5. Innra mat í vor: María
6. Önnur mál:

Dagskráin yfirfarin

María fer yfir hópinn, hver er hvað. Smá upplýsingar um hvað skólaráð er, hvað það gerir og hvert hlutverk skólaráðs er. Þrjú fundir eru yfir skólaárið. 28. september 2022 22. mars 2023 10. maí 2023

1. Bryndís fer yfir dagskrá fundarins og byrjar svo á að fara yfir skóladagatal Álfaborgar fyrir skólaárið 2023-2024, fer að mestu yfir skipulagsdaga og fyrirhugaða námsferð starfsmanna. Engar athugasemdir gerðar við það.

2. Bryndís fer yfir breytingu sem þarf að gera á skóladagatali fyrir núverandi skólaár vegna námsferðar sem átti að fara í í kringum uppstigningadag. Færa þarf skipulagsdag yfir á næsta skólaár. Engar athugasemdir gerðar við það.

3. María fer yfir skóladagatal Valsárskóla fyrir skólaárið 2023-2024, ræðir fjölda skóladaga, skipulagsdaga og sýnir hugmyndir um haust og vetrarfrí. Planið er að samræma haustfríið við aðra skóla á Eyjarfjarðarsvæðinu. Engar spurningar eða athugasemdir gerðar.

4. María ferð yfir helstu niðurstöður Skólapúlsins sem nemendur í 6-10. bekk tóku haustið 2022. Vonast er eftir að geta gert aðra eins könnun eftir páska. Einnig var farið yfir Skólapúlskönnun sem foreldrar svöruðu í febrúar '23. Hægt er að sjá niðurstöður úr könnunum á vefsíðu skólans. Engar spurningar komu varðandi þetta.

5. María nefnir innra mat, óskar eftir að skólaráð lesi skýrslu sem hún sendir á nefndarmenn, og gefi umsögn, áður en skýrslan fer til skólanefndar. Kom fyrirspurn hvort varamenn fengju skýrslu senda. Það er samþykkt.

6. Önnur mál:

Kom athugasemd til starfsfólks og kennara um að ræða um framhaldskóla við nemendur í stað menntaskóla. Vel tekið í þessa athugasemd.

María segir aðeins frá starfsemi Krummanna (elsti árgangur í Álfaborg) í Valsárskóla, hversu vel gengur og hversu einstakt starf þetta er.

Umræða um breytingar á skólahúsnaði í framtíðinni.

Fundi slitið kl. 14:58